

Til: Bæjarráð Seltjarnarness

Bæjarskrifstofur Seltjarnarnesi

Austurströnd 2

Seltjarnarnesi 25. mars 2019

Borist hefur áskorun á íbúasíðu Seltjarnarness á facebook um að strætóleið 13 keyri allan hringinn í kringum Seltjarnarnes en ekki aðeins Nesveginn. Undir þessa áskorun hafa 485 manns skrifað þann 25. mars en ég tók það að mér fyrir hönd ungra framhaldsskólanema eftir samtal við þau að koma erindinu í réttan farveg en þess má geta að Ungmennaráð Seltjarnarness hefur einnig tekið upp sambærilegt erindi á fundum með bæjarstjórn Seltjarnarness, nú síðast á haustmánuðum 2018.

Ég legg til að óskað verði eftir kostnaðarútreikningi frá Strætó bs vegna þeirrar breytingar að láta leið 13 keyra allan Neshringinn í stað þess að fara aðeins um Nesveg og snerta Eiðistorgið á leið sinni um Seltjarnarnesið til að auðvelda það að taka afstöðu til erindisins.

Einnig væri flötur að vísa þessari beiðni inn í heildarendurskoðun leiðarkerfis strætó sem er í vinnslu þessa dagana en nýlega var skipaður hópur í þeim tilgangi að skoða óskir hvers sveitarfélags fyrir sig inn í heildarmynd leiðarkerfisins.

Ég bendi einnig á umhverfisvænni möguleika að skoða snertifleti leiðar 11 og 13 á Nesvegi, hvort mögulegt væri að það væri sameiginleg skiptistöð við Eiðistorg á Nesvegi þar sem hægt væri að stilla af tímatöflur til að auðvelda það að fara á milli vagna. Þannig þyrstu ekki tvær strætóleiðir að keyra hringinn á Seltjarnarnesinu með tilheyrandi mengun.

Virðingarfyllt

Sigrún Edda Jónsdóttir

Fulltrúi Seltjarnarness í stjórn Strætó bs.

Meðfylgjandi afrit af undirskriftarsöfnun.

Fáum strætóleið 13 allan hringinn í kringum Seltjarnarnes



 [Jenny Guðmundsdóttir](#) started this petition to [lúar á Seltjarnarnesi](#)

Við erum nokkrar stelpur í Valhúsaskóla og erum að berjast fyrir því að strætóleið 13 keyri allan hringinn í kringum Seltjarnarnes en ekki aðeins Nesveginn.

Við viljum auðvelda framhaldsskólanemum leið sína í skólann, auka aðgengi á Seltjarnarnes og stuðla að sjálfbærri þróun varðandi samgöngur og þar með bæta umhverfismál.

Við þurfum ykkar hjálp og biðjum við ykkur því að skrifa hér undir og taka þátt í þessum frábæru breytingum varðandi samgöngur á Seltjarnarnesi.

485 have signed. Let's get to 500!



 [Jenny Guðmundsdóttir](#) signed this petition

- Yes! Tell me if this petition wins, and how I can help other relevant petitions
- No. I do not want to hear about this petition's progress or other relevant petitions.

 **Sign this petition**

Do not display my name and comment on this petition

We process your information in accordance with our [Privacy Policy](#) and [Terms of Service](#).